

**Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur verður haldinn í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 ,  
Þriðjudaginn 15. mars 2016 kl. 20:00**

**Dagskrá fundarins eru skv. lögum SSR gr: 2.6.**

1. Kosning fundarstjóra og ritara. Stungið er uppá Atla Smára Ingvarssynir sem fundarstjóra og Sonju Kjartansdóttur sem fundarritara. – samþykkt
2. Lögð fram skýrsla stjórnar. Hrönn talaði út frá skýrslu stjórnar og kom inná marga þætti sem þar eru nefndir, en hún hvatti fundarmenn til að lesa skýrsluna.

**Umræður.**

-Anna Kristjánsdóttir Landnemun spurðist fyrir um útbúnað sem gefinn var Árbæjarsafni og geymdur hefur verið í Skátaskálanum þar – koma þarf honum fyrir annarsstaðar en í skálanum svo hægt sé að komast inní skálann.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs. –

**Umræður.**

Þórhallur Helgason Segull spurði hvað sérstakt endurmat skátaheimila 2015 liður 10 í skýringum væri.

Sigurjón Einarsson – laganefnd spurði hvort rétt væri að setja upp fjárhagsáætlun í mínus. Liljar Þorbjörnsson Segull fagnaði að hækka ætti styrki til skátafélaga. Hann kom líka inná hvort ekki ætti að eyrnamerkja fjármagn til húsnæðiskaupa fyrir Segul.

Arnlaugur Landnemi – spurðist fyrir um hvort öll skátafélög í Reykjavík væru að fá styrki þá kom í ljós að Ægisbúar hafi ekki fengið styrk undanfarið.

Ásta Bjarney Elíasdóttir- Skátaf. Hafarnir - Er ekki ósátt þó fjárhagsáætlun sé í mínus. Hún spurðist fyrir um gamla Hafarnarheimilið.

Guðmundur Þór Skjöldungur spurðist fyrir um aukningu á styrkjum til Útilífsskólanna.

Liljar Þorbjörnsson Segull spurði hvort Vetrarskátamót ætti að vera á sér lið í

Þróstur Árbúar, þakkaði fyrir vetrarskátamótið og sagði það hjálpa félögunum í Reykjavík.

Ylfa Garpsdóttir Segli – spurðist fyrir um hvort fengist hafi styrkur fyrir vetrarskátamótið

4. Tillaga um lagabreytingu kynnt.

**Grein 2,7 er svona.**

Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

**Tillaga að breytingu**

**Grein 2,7 verði svona skv. tillögunni**

Stjórn SSR skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Tveir meðstjórnendur skulu kjörnir eitt árið en einn meðstjórnandi hitt árið. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

**Gildistaka.**

Óskað er eftir að þessi lagabreyting taki gildi strax þ.e.a.s á aðalfundi SSR 2016 þannig að þegar kosið er í stjórn verði farið eftir þessari grein.

**Rökstuðningur:**

Síðastliðið ár hafa verið 2 varamenn í stjórn SSR sem hafa mætt á stjórnarfundi og tekið virkan þátt í verkefnum og umræðum fyrir skáta í Reykjavík. Þetta hefur reynst afar vel og styrkt okkur í starfinu. Það er alveg ljóst að það þarf átak til að byggja upp skátastarf í Reykjavík og okkur veitir ekki af að hafa fleiri hendur til að styðja við þá vinnu.

## **Flutningsaðili: Stjórn Skátasambands Reykjavík**

### **Umræður.**

Sigurjón Einarsson – laganefnd benti á að fundurinn þyrfti að samþykka að lagabreytingartillagan tæki stax gildi en það væri ekki lagabreytingartilaga. Ásta Bjarney Elíasdóttir Haförnum vildi koma á fram stuðningi við tillöguna undir það tók Guðmundur Þór Skjöldungur. Ylfa spurði hvernig væri valið í þessi sæti

### **Lagabreytingin samþykkt samhljóma.**

Fundarstjóri bar upp beiðni stjórnar um að Lagabreytingin tæki stax gildi.

#### **Umræða:**

Þórhallur Helgason Segull – kom inná hvort ætti að breyta lögum þannig að lagabreytingar tækju allataf gildi strax –

– **Beiðni stjórnar var samþykkt samhljóða.**

5. Kosning stjórnar, sbr ákveði 2.7, og tveggja varamanna.
  - Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

#### **Stjórn :**

Varaformaður – Haukur Haraldsson

#### **Samþykkt með lófaklappi.**

Ritari – Benedikt Þorgilsson

#### **Samþykkt með lófaklappi.**

Meðstjórnandi – Sif Pétursdóttir

Meðstjórnandi – Páll Sigurðsson

#### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Skoðunarmenn- 2 sæti til eins árs**

Hanna Guðmundsdóttir

Skattur og bókhald ehf.

#### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Laganefnd – 3 sæti til eins árs**

Þorsteinn Sigurðsson

Arnlaugur Guðmundsson

Sigurjón Einarsson

#### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Uppstillingarnefnd – 3 sæti til eins árs**

Elmar Orri Gunnarsson

Liljar Már Þorbjörnsson

Silja Þorsteinsdóttir

Uppstillingarnefn dregur nafn Silju Þorsteinsdóttur til baka. Ágúst Arnar Þráinsson Hamar bíður sig fram.

### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Minjanefnd- 1 sæti til tveggja ára**

Björn Jón Bragason sat síðasta kjörtímabil

### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Úlfljótsvatnsráð- 1 sæti til tveggja ára**

Arthur Pétursson sat síðasta kjörtímabil

### **Samþykkt með lófaklappi**

#### **Hafravatsráð- 1 sæti til tveggja ára**

Liljar Már Þorbjörnsson sat síðasta kjörtímabil Til kjörs í stjórn eru eftirfarandi – til tveggja ára.

### **Samþykkt með lófaklappi**

Fundarstjóri bar upp reikninga og fjárhagsáætlun sem bæði var samþykkt með öllum atkvæðum. Auk þess sem klappað var fyrir skýrslu stjórnar.

## **6. Önnur mál.**

Egle Sipaviciute hrósaði stjórn fyrir góð störf og hvatti uppstillingarnefnd til að hafa í huga aldurs og kynjaskiptingu í framtíðinni, Haukur spurði Egle Sipaviciute hvort hún ætlaði ekki að kynna Landnemamót sem hún gerði.

Sunna Líf Sigurgeirsdóttir – skf. Segull kom og kynnti Rekkskátasveitina R.S Fantasíu. Atli Bachmann – Radíóskátum – kynnti útlegu Rekka og Róverskáta um páskana. Hann benti líka á að verið væri að opna fyrir skráninu á Moot.

Sig Pétursdóttir – Ægisbúum – kynnti D.S Vitleysu.

Ásta Bjarney – Haförn sagði frá styrkjum sem Hafernir hafa fengið til þýðinga og bað félag um að senda henni stöðluð bréf með ýmsum grunn hugtökum sem við notum svo hægt sé að þýða þau.

Liljar Már – Segull kynnti Erasmus plus og hvatti til alþjóðastarfs.

Ylfa Garpsdóttir – Segull – kom með áskorun til stjórnar SSR um einkennisklæðnað skáta í Reykjavík.

Jón Andri – SSR – mynnti á hátíðarhöldin á 17. Júní og óskaði eftir höndum.

Ásgeir Björnsson Segull- sagði frá kynningarstjóra Segull sem væri 17 ára ☺ og auglýsti eftir starffólki í Útilífsskóla Segulls

Jón Andri SSR – Auglýsti eftir fánaborgarstjóra - og sagði frá facebook sýðum skáta í Reykjavík.

Þórhallur Helgason Segull – sagði frá skátakot.iuminativ.is sem er heimasíða skátaskála.

**Stjórnarkjör aðalfundar er samkv. lögum SSR gr: 2.7.**

Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Láti einhver stjórnarmanna af störfum á milli aðalfunda skal stjórnin skipa annan í hans stað.

**Til kjörs í stjórn eru eftirfarandi**

Formaður, Hrönn Þormóðsdóttir gefur kost á sér til endurkjörs

Gjaldkeri, Arthúr Pétursson gefur kost á sér til endurkjörs

Meðstjórnandi

Varamaður til tveggja ára, nýtt embætti

Varamaður til tveggja ára nýtt embætti

**Til kjörs í ráð og nefndir eru eftirfarandi.**

Úlfjótsvatnsráð: Sveinbjörn Lárusson gefur kost á sér til endurkjörs

Hafravatnsráð: Guðmundur Þór Pétursson gefur kost á sér til endurkjörs

Á aðalfundi 24.mars 2014 voru eftirtaldir skátar kjörnir í Uppstillingarnefnd og Laganefnd til eins árs:

Í Uppstillingarnefnd: Helgi Jónsson formaður, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Jóhanna Þorleifsdóttir.

Í Laganefnd: Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir formaður, Arnlaugur Guðmundsson og Sigurjón Einarsson.

Lög SSR má finna á <http://ssr.is/log-ssr/>

Fundargerð síðasta aðalfundar má finna <http://ssr.is/gagnasafn/>

**Fundarboð þetta er sent með netpósti á stjórn SSR, félagsforingja skátafélaganna í Reykjavík og fulltrúa SSR í nefndum og ráðum.**

Tillögur til Uppstillingarnefndar og Laganefndar þurfa berist formönnum nefndanna eig síðar en 12.mars

Með skátakveðju,

Stjórn SSR